

Þessu svarar dómsmálastjórnin á þá leið, að eins og það er vafalaust samkvæmt því sem fyrir er mælt í 8. grein í lögnum 21. marzmán. 1855, að verzlunarfulltrúunum ber gjald þetta af þeim dönskum skipum, sem fara frá útlöndum til Færeyja, eins hlýtur dómsmálastjórnin af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í bréfi hëðan til utanríkisstjórnarinnar dagsettu 6. maímán. 1858<sup>1</sup>, enn sem fyr að vera á því máli, að sama sè um þau dönsk skip, sem fara úr utanríkishöfnum til Íslands.

1865.

24. júní.

**45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir skápa handa forn-gripasafninu í Reykjavík.**

1. júlí.

Í bréfi dags. 20. febrúarmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér 31. desembermán. 1863 og 15. desembermán. f. á. hafð, í von um samþykki stjórnarráðsins, látið borga Jóni biskupsskrifara Árnasyni og Sigurði málara Guðmundssyni í fyrra skiptið 10 rd. og í seinna skiptið 14 rd. 40sk. af fè því, sem veitt er í fjárhagslögnum fyrir þessi ár til óvissra gjalda handa Íslandi, til þess að kaupa fyrir glerskápa og fleira handa forn-gripasafni því, sem þeir hafa stofnað, og hafð þér beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til gjalda þessara.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, lætur útborgun þessa standa óraskaða, en framvegis má ekki greiða nein þesskonar gjöld úr ríkissjóðnum.

**46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán af sveit.**

3. júlí.

Frá P. Böving, sýslumanni í Snæfellsnessýslu, hefir stjórnarráðinu beina leið borizt bréf; spyr hann um, hvort skoða eigi

<sup>1</sup>) Smb. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 214.

1865.

3. júlí.

lán, sem fátækir hafa fengið af rúgi þeim, sem veittur var bágstöddum sveitum í Snæfellsnessýslu á árunum 1861 og 1862, sem lán úr sveitarsjóði, og hvort hafa eigi tillit til þess, þegar leysa á úr þeirri spurningu, hvar maður sé sveitlægur. Um þetta hafið þér, herra amtmaður, í bréfi dagsettu 13. desembermán. f. á. látið það álit yðar í ljósi, að, með því að skoda verður rúg þann, er hér ræðir um, sem lán, er sveitirnar hafi tekið, og þessvegna sem eigu þeirra, þar sem sveitirnar sem félög (júridisk persóna) verða að ábyrgjast, að rúgurinn verði borgaður, og verð hans er tilfært sem tekjugrein í reikningum sveitarsjóðanna, þá hljóti hver sá, sem fengið hefir lán hjá sveitinni í rúgi, að álitast hafa fengið lán úr sveitarsjóðnum, og geti því ekki áunnið sér þar rétt til framfærslu, fyr en hann hafi borgað lánið.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin fellst á þá skoðun á málinu, sem þér hafið látið í ljósi.

5. júlí.

#### 47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á landskuld fyrir jarðabætur.

Með bréfi dags. 14. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Gísla hreppstjóra Gíslasyni, leiguliða á þjóðjörðinni Leirvogstungu í Kjósar sýslu; sækir hann þar um 100 ríkisdala styrk til þess að geta hlaðið grjótgard fyrir á, sem rennur rétt fram hjá engjunum, flóir yfir þær í vatnavöxtum og skemmir þær, eða þá til að færa farveg árinna, ef það reynist hagfelldara til að vernda engjarnar. Hafið þér stungið uppá, að leiguliða þessum sé gefin upp landskuldin um tíma, t. a. m. í 2 eða 3 ár, með því skilyrði, að hann komi áformi þessu fram, svo að engjunum sé borgið, og sjái sýslumaður um með honum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin, eptir því